89 hegning liggi við eptir öðrum lögum. Skal uppljóstrarmaður, ef nokkur er, hljóta helming af sektafjenu, en hinn helmingurinn falli í sveitarsjóð eða sveitarsjóði hlutaðeigandi upprekstrarfjelaga.

59. gr. Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal farið sem opinber lögreglumál; þó má, ef hlutaðeigendur koma sjer saman um það, skjóta einstökum ágreiningsatriðum til endilegra úrslita sýslunefndarinnar.

Með reglugjörð þessari er numinn úr gildi reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil o. s. frv. frá 2. júní 1892.

Amtsráð Norðuramtsins, 21. júní 1898.

Páll Briem.

90 **Fiskiveiðasamþykkt.**

Sýslunefndin í Strandasýslu hefir samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 4. desbr. 1886, um breyting á fyrnefndum lögum, gjört eptirfylgjandi

SAMÞYKKT,

sem hefir inni að halda breyting á 1. gr. samþykktar um hákarlaveiðar á opnum skipum í Strandasýslu, frá 20. okt. 1888, sbr. samþykkt 31. ágúst 1895.

Á tímabilinu frá 1. desember til 10. marz ár hvert má enginn, sem stundar hákarlaveiðar á opnum skipum í Strandasýslu, sleppa neinu af hákarli í sjó (skrokkum eða innýflum), án þess lífsnauðsyn liggi við.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til þess að öðlast gildi 1. desember 1898.

Islands Vesturamt, Reykjavík 30. júlí 1898.

J. Havsteen.

91 **Reikningur.**

yfir tekjur og gjöld þúsundáraafmælissjóðs Eyjafjarðar 1897.

Tekjur:

1.	Gjöf frá fyrrum sýslumanni Skúla Thoroddsen og konu hans Theódóru Thoroddsen	kr.	1000 00
2.	Vextir til $^{11}/_{6}$ '97	—	4 33
		kr.	1004 33

Gjöld:

1.	Í skuldabrjefum gegn fasteignarveði	kr.	1000 00
2.	Í sjóði	—	4 33
		kr.	1004 33

Skrifstofu Norðuramtsins, 15. jan. 1898.

Páll Briem.